

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 240. FUNDUR.

240. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 11. september 2014 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður Stefán Einar Böðvarsson, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, aðalmaður Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

### Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Oddviti setti fund

## 1. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

**Fundargerð 153. fundar** frá 2. september sl. Fundargerð í 4 liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 1. dagskrárlið „Sveitarstjórn áréttar að breytingar á skólaakstri eru gerðar til að standast reglur Menntamálaráðuneytis um skólaakstur.

Breytingarnar verða endurskoðaðar um áramót. Ábending um tómsundaakstursstyrki verður skoðuð við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015.”

Lögð fram eftirfarandi bókun við 2. dagskrárlið “Sigurbjörgu Friðriksdóttur eru þökkuð vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.”

Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti

**Fundargerð 241. fundar** frá 4. september sl. fundargerð í 2 liðum.

2. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Stefán Böðvarsson vék af fundi við afgreiðslu 2. dagskrárliðar vegna vanhæfis. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 3. Undirbúningur að fjárhagsáætlun 2015

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að boða til fundar í sveitarstjórn þann 23. september nk. kl. 9:30 v/ undirbúnings að gerð fjárhagsáætlunar ársins 2015.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 4. Ráðning sveitarstjóra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga: "Sveitarstjórn staðfestir ráðningu Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur sem sveitarstjóra Húnaþings vestra samkvæmt fyrirliggjandi ráðningarsamningi." Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:34

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Elín R. Líndal

---

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Ingimar Sigurðsson.

---

Guðrún Ragnarsdóttir  
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs